

Framtalið berist

Kennitala

Sveitarfélag lögheimilis

Nafn - pósthfang

Rafræn framtalsskil - Ekki skal skila launaframtali á pappír

Peir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínu með rafrænum hætti (t.d. á vefframtali) eiga **ekki** að skila launaframtali RSK 1.05 á pappír, þar sem sundurliðun á stofni til tryggingagjalds er fengin í rafrænum framtalsskilum (á eyðublaði RSK 1.04, RSK 1.06 eða RSK 4.05). Í vissum tilfellum geta rekstraraðilar þurft að skila launaframtali á pappír ásamt launamiðum til skattstjóra. **Sjá nánari skýringar á bakhlið.**

Fjárhæðir á launamiðum og aðrar greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu	
Reitur 02 - Vinnulaun	+
Reitur 60 - Bifreiðahlunnindi	+
Reitur 33 - Fæðishlunnindi	+
Reitur 16 - Ökutækjastyrkur	+
Mótframlag launagr. í lífeyrissj., sbr. skýringar á bakhlið	+
Mismunur 17-74 - Staðgreiðsluskyldir dagpeningar	+
Aðrar tryggingagj.sk. greiðslur, sbr. skýringar á bakhlið	+
Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð, sbr. skýringar á bakhlið	-
Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu	=

Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	
Reiknað endurgjald barna	+
Laun undanþegin staðgreiðslu	+
Fatahlunnindi	+
Önnur hlunnindi, hvaða?	+
	+
	+
	+
	+
Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	=

Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu	
Janúar	
Febrúar	
Mars	
Apríl	
Maí	
Júní	
Júlí	
Ágúst	
September	
Október	
Nóvember	
Desember	
Alls	

Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskipum (einnig innifaldar í stofni til tryggingagjalds)	
Jan.	
Febr.	
Mars	
Apríl	
Maí	
Júní	
Júlí	
Ágúst	
Sept.	
Okt.	
Nóv.	
Des.	
Alls	

Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð. Sjá skýringar á bakhlið.	
Jan.	
Febr.	
Mars	
Apríl	
Maí	
Júní	
Júlí	
Ágúst	
Sept.	
Okt.	
Nóv.	
Des.	
Alls	

Heildarfjöldi launamiða

Par af fjöldi miða vegna verktakagreiðslna

Heildargreiðslur til verktaka (06)

Athugasemdir framteljanda

Skilafrestur er til 30. jan. 2009 sé launamiðum skilað á pappír, en til 10. feb. 2009 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.

Það staðfestist að launaframtal þetta ásamt launamiðum er gert eftir bestu vitund og er í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Dags./undirskrift

Sími

Almennt

Skil á launaupplýsingum vegna álagningar tryggingagjalds

1. Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á 6. síðu skattframtals rekstraraðila RSK 1.04 og eiga þeir því **ekki** að skila hinu hefðbundna launaframtali RSK 1.05. Skilafrestur skattframtals lögaðila rennur út í lok maí 2009. Skattskyldir lögaðilar eiga eftir sem áður að skila launamiðum 30. janúar / 10. febrúar 2009.
2. Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og sem skila skattframtali á pappír, og lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003 og skila ekki rafrænu skattframtali RSK 1.06, skulu skila launaframtali RSK 1.05 á pappír, hafi þeir greitt laun eða viðbótarframlag í lífeyrissjóð á árinu 2008. Skilafrestur launaframtals RSK 1.05 er til 30. janúar 2009 sé launamiðum skilað á pappír, en til 10. febrúar 2009 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.
3. Einstaklingar í rafrænum framtalsskilum skila **ekki** launaframtali RSK 1.05 á pappír, heldur gera þeir grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á samræmingarblaði RSK 4.05.

Gjaldstofn

Tryggingagjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald. Gjaldstofninn er allar tegundir launa og þóknana, hverju nafni sem nefnast, óháð formi launagreiðslu, sem og reiknað endurgjald vegna vinnu manns

við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ásamt reiknuðu endurgjaldi maka og barna, sbr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Almennt hefur tryggingagjald verið innheimt í staðgreiðslu á rekstrarárinu 2008, en tiltekin tryggingagjaldsskyld laun og hlunnindi eru þó undanþegin staðgreiðslu, t.d. reiknað endurgjald barna. Gjaldldagi ógreidds tryggingagjalds vegna launa og hlunninda sem þannig eru undanþegin staðgreiðslu tryggingagjalds er fyrsti gjaldldagi þinggjalda eftir að álagning tryggingagjalds liggur fyrir. Eindagi er mánuði eftir gjaldldaga. Álagning tryggingagjalds fer fram samhliða álagningu annarra opinberra gjalda, skv. 12. gr. laga nr. 113/1990, sbr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Á launaframtali sem skilað er á pappír þarf hvorki að gera grein fyrir reiknuðu endurgjaldi manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi né heldur reiknuðu endurgjaldi maka. Um mótframlag til lífeyrissjóða vísast til umfjöllunar hér að neðan. Að öðru leyti er álagning tryggingagjalds byggð á launaframtalinu.

Aðrar tryggingagjaldsskyldar greiðslur

Í þennan reit skal færa aðrar greiðslur og hlunnindi, sem mynda stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu.

Hér er t.d. um að ræða húsnæðishlunnindi í launamiðareit 28, afhendingu hlutabréfa á undirverði í launamiðareit 04, björgunarlaun í launamiðareit 58, svo og önnur þau hlunnindi og skattskyldar greiðslur í launamiðareitum 34 og 82, sem eru staðgreiðsluskyldar.

Mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð

Mótframlag í lífeyrissjóð

Allt mótframlag, sem launagreiðandi greiðir vegna almenns iðgjalds launamanns í lífeyrissjóð, myndar stofn til tryggingagjalds. Það skal færa í reit fyrir mótframlag og vera meðtalið í tryggingagjaldsstofni.

Viðbótar mótframlag skv. kjarasamningum

Verið getur að launagreiðendur greiði aukið mótframlag í

lífeyrissjóð, umfram hefðbundið 8% framlag. Þessi viðbót er greidd í séreignarsjóð. Þannig ákvarðað mótframlag myndar stofn til tryggingagjalds og skal færa í reitinn fyrir mótframlag vegna almenns iðgjalds og vera meðtalið í tryggingagjaldsstofni.

Launagreiðslur til erlendra starfsmanna

Tryggingagjald vegna erlendra starfsmanna sem framvísað hafa E101 vottorði

Tilgreina skal sérstaklega launagreiðslur til erlendra starfsmanna sem ekki eru tryggðir hér á landi samkvæmt ákvæðum reglugerðar EBE nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum sem flytjast á milli aðildarríkja.

Launagreiðandi skal hafa í vörslu sinni E-101 vottorð vegna hlutaðeigandi starfsmanna.

Þessar greiðslur skal sundurliða niður á mánuði, en þær eru **ekki** innifaldar í stofni til almenns tryggingagjalds.